

Fundargerð 10. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2016, fimmtudaginn 3. febrúar, kl. 8:30 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Guðlaug Kristjánsdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Sigurður P. Sigmundsson og Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Ráðning verkefnastjóra.
Samþykkt að fela sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu að auglýsa eftir verkefnastjóra til að halda utanum framkvæmd byggingar hjúkrunarheimilisins.
2. Skrifað var undir áskorun til heilbrigðisráðherra og þingmanna kjördæmisins þar sem krafist er fjölgunar hjúkrunarrýma úr 60 í 80 rými, sjá fylgiskjal.
3. Farið yfir bréf til Framkvæmdasjóðs aldraðra, þar sem óskað er eftir viðræðum við sjóðinn um framtíðarhugmyndir Hafnarfjarðarkaupstaðar hvað varðar Sólvangshúsið, sjá fylgiskjal.
4. Farið hefur verið yfir tilboð sem liggja fyrir í hönnun hjúkrunarheimilisins en þrettán tilboð bárust. Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsþjónustu er falið að ganga til samninga við lögstjóðenda á grundvelli útboðs.

Fundi slitið kl. 9:40.